



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ELIZA REID SÆKIR HEIMSLEIKA SPECIAL OLYMPICS

Eliza Reid forsetafrú heldur til Þýskalands á laugardag þar sem hún tekur þátt í dagskrá í tengslum við heimsleika Special Olympics sem fram fara í Berlín 17.–25. júní. Leikarnir eru haldnir fjórða hvert ár og í þetta sinn senda Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi 30 íslenska keppendur, víða að af landinu, til þátttöku í tíu íþróttagreinum. Alls verða þarna um 7000 keppendur á leikunum frá 190 löndum.

Setningarathöfn leikanna fer fram á Ólympíuleikvanginum í Berlín laugardaginn 17. júní. Þá gengur forsetafrú inn á leikvanginn ásamt íslenska keppendahópnum og Ásmundi Einari Daðasyni, ráðherra íþróttamála. Næstu daga mun forsetafrú sækja íþróttaviðburði þar sem íslenskir keppendur taka þátt, og mun hún hitta þjálfara og starfsmenn og hvetja íslenska hópinn til dádá.

Í Berlín mun Eliza einnig eiga fund með Elke Büdenbender, forsetafrú Þýskalands. Þá stendur sendiráð Íslands í Berlín fyrir viðburði þar sem forsetafrú ræðir við gesti um jafnrétti kynjanna. Sendiráðið er einnig gestgjafi viðburðar þar sem íslensku heilsutæknifyrirtækin Össur og Kerecis kynna verkefni sín í Úkraínu fyrir þýskum samstarfsaðilum og mun forsetafrú ávarpa gestina.

Á miðvikudag heldur Eliza frá Berlín til München þar sem hún tekur þátt í Taste of Iceland verkefni Íslandsstofu.

15. júní 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).